

99. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimlinu Þórsveri fimmtudaginn 6. mars 2014 og hófst kl. kl. 17:00.

Mættir eru: Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Hilma Steinarsdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð og svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 98/2014

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð byggingarnefnd leikskóla 26. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð Svarthols 24. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð Sauðanesnefndar 27. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

Á fundi Sauðanesnefndar voru lagðar fram tillögur að grundvallarbreytingu um breytt rekstrarform á rekstri Sauðaneshúss. Nefndin leggur til að Sauðaneshúsið verði lagt inn í Menningarmiðstöð Þingeyjunga og að hún muni sjá um reksturinn í framtíðinni.

Sveitarstjórn telur þetta vera ákjósanleg tillaga. Sveitarstjórn telur rétt að kanna þennan möguleika en beinir þeim tilmælum til Sauðanesnefndar að munirnir sem gefnir hafa verið í Sauðaneshús muni tilheyri því um ókomna framtíð. Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð Íprótta- og tómsbundanefndar 3. mars 2014

Lögð fram til kynningar

6. Fréttatilkynning frá Langanesbyggð 28. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

Langanesbyggð hefur greitt upp öll skuldabréf í flokknum THHR 99 1, þar sem sveitarfélagið er útgefandi og óskaði eftir því við kauphöllina að bréfin yrðu tekin úr viðskiptum.

Búið er að afskrá bréfin úr viðskiptum í Kauphöllinni.

7. Bréf jöfnunarsjóði sveitarfélaga 13. febrúar 2014

Lagt fram til kynningar

8. Ósk um styrk Héraðssamband Þingeyjunga

Lagt fram til kynningar. Þar er HSP að óska eftir styrk að upphæð 75 þúsund krónur. Sveitarstjórn ákvað að styrkja HSP um 25 þúsund krónur. Samþykkt samhljóða.

9. Erindi frá grunnskólanemendum ósk um skíðalyftu í Langanesbyggð

Sveitarstjórn fagnar erindinu og vísar því áfram til Íprótta- og tómsbundanefndar til skoðunar. Samþykkt samhljóða.

10. Kauptilboð í Langholt 6

Sveitarstjóri lagði fram gögn vegna málsins.

Íbúðin er mjög illa farin og er viðgerðarkostnaður metinn á tæpar 13 milljónir króna. Í ljósi ástands hennar er lagt til að sveitarstjórn gangi að gagntilboði í Langholt 6 sem er 2,5 milljónir króna. Sveitarstjóra falið að ganga frá sölunni og sækja um framlag úr varasjóði húsnæðismála. Samþykkt með 6 atkvæðum. 1 sat hjá.

Þar með fellur úr gildi fyrri bókun sveitarstjórnar vegna Langholts 6 frá 7 febrúar 2014.

11. Kauptilboð Hálsvegur 9-11

Sveitarstjóri kynnti stöðu málsins.

12. Lækjarvegur 3 - tilboð í klæðingu

Lagt fram til kynningar.

13. Ályktun vegna snjómoksturs bréf til Vegagerðarinnar

Lagt fram til kynningar.

14. Rekstraruppgjör Sveitarfélagsins janúar 2014

Afrit af útsendum skjölum afhent sveitarstjórnarmönnum.

Ólafur fór yfir stöðuna á janúar og bar það saman við áætlun í janúar 2014 og janúar í 2013. Reksturinn gengur ívið betur en áætlunin gerði ráð fyrir.

Ólafur lagði einnig fram drög að fyrstu tölum fyrir árið 2013. Drög að ársreikningi verða lögð fyrir á næsta sveitarstjórnarfundum.

15. Skýrsla sveitarstjóra

- a. Sparisjóður Norðurlands.
- b. Sorpmál. Ólafur hefur verið í viðræðum við Stefán hjá íslenska Gámafélagið um viðauka við núverandi samning við ÍG.
- c. Hallgilsstaðir veðheimild. Ekki er búið að funda með ábúendum eins og lá fyrir.
- d. Ferð til Vopnafjarðar. Oddviti og sveitarstjóri fóru og hittu oddvita og sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps og farið var yfir ýmis mál. Í framhaldi af því skoðaði byggingarnefnd leikskólans, leikskólann og grunnskólann á Vopnafirði.
- e. Samorka fundur í Reykjavík. Sveitarstjóri kynnti hvað var fjallað um á fundinum.
- f. Erindi frá Reimari varðandi rétt á Felli. Sveitarstjóri leggur til að það erindi verði sent Landbúnaðarnefndinni. Engar athugasemdir við þá tillögu.
- g. Félagsheimilið. Búið að gera það sem fyrir lá, slípa gólfið, setja nýjan panil á sviðið og mála það. Það er allt annar bragur á húsinu eftir þessar framkvæmdir. Verið að skoða hvort hægt sé að gera hurð af sviðinu og inn í tónlistaskólann og fleiri vekefni innanhúss.
- h. Útsýnispallurinn. Verkið er á áætlun og stefnt að opnun í maí.
- i. Innan tíðar verður farið í að laga gólfið á Nausti og verður það gert að hluta til fyrir peninga úr gjafasjóði.
- j. Kirkjugarðurinn. Verkið er hafið.
- k. Skólastefna. Hún verður tekin fyrst fyrir í fræðslunefnd og síðan lögð fyrir sveitarstjórn í framhaldi af því.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:41